

Fréttapistill frá forseta Íslands

14. júní 2021

Síðasta formlega embættisverk nýliðinnar viku vann ég að morgni laugardagsins 12. júní. Féllst ég þá á tillögu forsætisráðherra um frestun á fundum Alþingis. Í haust verða kosningar og nýtt þing tekur til starfa. Ég þakka þingheimi samstarf á sviði löggjafarvalds og óska þingmönnum alls velfarnaðar. Áform um breytingar á stjórnarskrá komu ekki til frekari umræðu og afgreiðslu í þingsal eins og ráð var fyrir gert. Má þar nefna ákvæði um íslenska tungu og tiltekna breytingar á ákvæðum um forseta Íslands, meðal annars í anda tillagna sem ræddar voru við upphaf þessarar aldar. Fróðlegt verður að sjá hvernig stjórnarskrármál þróast.

Í fréttum RÚV á sunnudagskvöldi svaraði ég nokkrum spurningum um þau efni en megintilefni viðtalsins var þó annað: Hinn 13. júní 1941, fyrir réttum 80 árum, bauð Sigurður Jónasson forstjóri ríkisvaldinu Bessastaði sem bústað væntanlegs ríkisstjóra og forseta Íslands í fyllingu tímans. Valdhafar, embættismenn og stjórnámálamenn voru ekki sammála um hvernig bregðast skyldi við. Önnur húsakynni komu til álita, einkum Fríkirkjuvegur 11, glæsihúsið sem Thor Jensen lét reisa fyrir þau Margréti Þorbjörgu Kristjánsdóttur og barnaskara þeirra. Í þeim hópi var Ólafur Thors, leiðtogi Sjálfstæðismanna á þessum árum. Honum fannst ómögulegt að setja væntanlegan þjóðhöfðingja Íslendinga niður á Álftanesi. Hermanni Jónassyni, forsætisráðherra og formanni Framsóknarflokksins, leist aftur á móti vel á Bessastaði, ekki síst eftir að Sigurður Jónasson bar fram sitt rausnarboð. Öll er þessi saga hin merkilegasta. Fréttir RÚV um stjórnarskrármál og Bessastaði má sjá hér:

<https://www.ruv.is/frett/2021/06/13/bessastadir-i-80-ar-samofnir-sogu-thjodar...>

<https://www.ruv.is/frett/2021/06/13/gudni-eg-var-d-fyrir-vonbrigdum>

Fyrr í síðustu viku átti ég fund með Krístrúnu Heimisdóttur lögfræðingi um stjórnarskrármál. Árin 2005–2007 sat Krístrún í nefnd á vegum Alþingis um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hún var varaþingmaður Samfylkingarinnar árin 2003–2009 og aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra árin 2007–2009. Í nýjasti hefti Tímarits lögfræðinga birtist grein Krístrúnar um breytingarákvæði stjórnarskrárinnar og færir hún rök að því hvers vegna þau skuli vera með þeim hætti sem verið hefur. Á fundi okkar nefndi hún einnig hvernig mörg ákvæði stjórnarskrárinnar hefðu reynst vel í kjölfar bankahrunsins á Íslandi 2008. Ég rakti m.a. aðdraganda lýðveldisstjórnarskrárinnar og þann ásetning þeirra, sem hana sömdu og samþykktu svo á Alþingi, að hún yrði öll tekin til gagngerðrar endurskoðunar við fyrstu hentugleika eins og fræðast má um í samtímaheimildum og seinni rannsóknum. Í þeim efnum leyfi ég mér að benda á grein mína um þau efni frá árinu 2011 sem lesa má hér:

<https://skemman.is/bitstream/1946/9655/3/a.2011.7.1.4.pdf>

Síðastliðinn laugardag tók ég þátt í Álafosshlaupinu í Mosfellsbæ. Ungmennafélagið Afturelding stóð fyrir viðburðinum en nú er rétt öld frá því að hlaupið var fyrst þeytt, að frumkvæði Sigurðar Péturssonar á Álafossi, ungmennafélags- og íþróttافرömuðar.

Ungmennafélagsandinn var Sigurði í blóð borinn og sömuleiðis heit ættjarðarást. Sama má segja um Einar bróður hans sem lagði sitt af mörkum í sjálfstæðisbaráttunni þegar hann reri um Reykjavíkurbhöfn sumarið 1913, með bláhvítan fána í skut, vísi að óformlegum þjóðfána Íslendinga á þeim árum. Þetta taldi skipstjóri danska varðskipsins Islands Falk ólöglegt, aðeins mætti hafa danska fánann uppi, og lét taka fánann. Varð þá mikið uppnám í bænum og fyrr en varði mátti víða sjá hvítbláinn blakta. Síðastliðinn laugardag tók ég þátt í Álafosshlaupinu í Mosfellsbæ. Ungmennafélagið Afturelding stóð fyrir viðburðinum en nú er rétt öld frá því að hlaupið var fyrst þeytt, að frumkvæði Sigurðar Péturssonar á Álafossi, ungmennafélags- og íþróttافرömuðar. Ungmennafélagsandinn var Sigurði í blóð borinn og sömuleiðis heit ættjarðarást. Sama má segja um Einar bróður hans sem lagði sitt af mörkum í sjálfstæðisbaráttunni þegar hann reri um Reykjavíkurbhöfn sumarið 1913, með bláhvítan fána í skut, vísi að óformlegum þjóðfána Íslendinga á þeim árum. Þetta taldi skipstjóri danska varðskipsins Islands Falk ólöglegt, aðeins mætti hafa danska fánann uppi, og lét taka fánann. Varð þá mikið uppnám í bænum og fyrr en varði mátti víða sjá hvítbláinn blakta.

Á laugardaginn sendi ég einnig hvatningar- og batakveðju til Christians Eriksens og hans fólks, eftir að hann hné niður og fékk hjartaáfall í leik Dana og Finna á Evrópumótinu í knattspyrnu í Kaupmannahöfn. Kveðjuna má sjá hér: <https://twitter.com/PresidentISL/status/1403828199314923520>. Báðum þessum liðum óska ég góðs gengis í keppninni og einnig Svíum, þriðju Norðurlandapjóðinni sem þar tekur þátt.

Áfram um þjóðir og lönd á Norðurlöndum: Fimmtudaginn 10. júní átti ég fund á Bessastöðum með sendimanni Færeyja á Íslandi, Höllu Nolsøe Poulsen. Við ræddum um traust samskipti Íslendinga og Færeyinga í árána rás og leiðir til að efla þau enn frekar. Einnig fjölluðum við um vestnorrænt samstarf, ekki síst á sviði menningar og mennta, og aukið vægi okkar heimshluta á alþjóðavettvangi og sjónarmið Færeyinga í þeim efnum.

Að kvöldi þessa dags hlotnaðist mér sá heiður að sækja Grímuna, árlega uppskeruhátíð sviðslistafólks, sem var haldin í Tjarnarbíói í Reykjavík. Ég afhenti heiðursverðlaun Grímunnar og hlutu Hallveig Thorlacius og Þórhallur Sigurðsson þá viðurkenningu. Ég óska þeim báðum hjartanlega til hamingju með verðskulduð verðlaun fyrir þeirra merka ævistarf í þágu menningar og lista.

Síðastliðinn þriðjudag var haldið upp á Dag hafsins um víða veröld. Ég tísti af því tilefni, sjá <https://twitter.com/PresidentISL/status/1402320651164266497>: „The oceans are under threat. Pollution and overfishing need to be tackled. We Icelanders know this well. We want to be proud of our fishing industry and our fisheries management. There is always room for improvement. Happy #WorldOceansDay!“

Twitter nota ég fyrir kveðjur og skilaboð á ensku fyrir alþjóðasamfélagið en fésbók fyrir boðskap á Íslandi. Á heimasíðu embættis forseta Íslands má svo einatt sjá fleiri fregnir en getið er í þessum vikupistlum.

Ekki rek ég hér allt sem á dagana dreif í nýliðinni viku en lýk þessari yfirferð í Grindavík, Vestmannaeyjum og Ölfusi. Á sjómannadaginn sótti ég minningarstund við Minningaöldur sjómannadagsins og minnisvarða um óþekktan sjómanninn í

Fossvogskirkjugarði í Reykjavík. Því næst sat ég sjómannadagsmessu við Dómkirkjuna í Reykjavík og síðan aðra messu í Grindavík. Þar var ég einnig viðstaddur blessun nýs björgunarbáts Slysavarnadeildarinnar Þorbjörns og minningarstund við minnismerki um drukknáða sjómenn þar í bæ. Eliza sótti hátíðahöld í Vestmannaeyjum og var viðstödd afhjúpun nýs minnisvarða í minningu þeirra sem fórust þegar belgíski togarinn Pelagus strandaði við Heimaey í janúar 1982. Þá sótti hún guðsþjónustu í Landakirkju og lagði ásamt sjómannadagsráði blómsveig til minningar um drukknáða sjómenn. Loks var Eliza ræðumaður sjómannadagsins í Vestmannaeyjum.

Síðastliðinn mánudag héldum við hjónin í opinbera heimsókn í Ölfus. Fyrir hönd okkar beggja þakka ég enn þá gestrisni og góðvild sem við nutum þar. Fréttir og myndir af heimsókninni má sjá hér:

<https://www.forseti.is/fr%C3%A9ttir/2021-06-07-heims%C3%B3kn-%C3%AD-oelfus>

<https://www.forseti.is/myndasafn/2021-06-07-myndasafn-opinber-heims%C3%B3kn-%C3%AD-oelfus>

Að lokum minni ég á herferð Ljóssins, endurhæfingarmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda. Þar geta aðstandendur krabbameinsveikra einnig fengið stuðning og fræðslu. Herferðin ber yfirskriftina „Þinn stuðningur er okkar endurhæfing“. Áhersla er lögð á þakklætið sem þjónustuþegar Ljóssins bera til þeirra sem styðja Ljósið, svokallaðra Ljósavina. Eliza ýtti auglýsingaherferð Ljóssins úr vör á laugardaginn við hátíðlega athöfn í höfuðstöðvum Ljóssins á Langholtsvegi í Reykjavík.